



## Ályktun 46. þings ASÍ um aðgerðir gegn einbeittri og síaukinni brotastarfsemi á vinnumarkaði

46. þing ASÍ ályktar að:

- Úrræði vegna þeirra sem verða fyrir illri meðferð á vinnumarkaði, sérstaklega innflytjenda og erlends launafólks verði stór eflid. Þrýst verði á opinbera aðila um að tryggð verði úrræði vegna illrar meðferðar á launafólki s.s. vegna mansals og alvarlegra brota á erlendu launafólki. Útbúnir verði samræmdir ferlar og heildstæð úrræði viðeigandi stofnana ríkis og sveitarfélaga sem grípa einstaklinga í þeirri aðstöðu bæði varðandi öryggi á vinnumarkaði, laun og húsnæði. Skilgreina þarf leiðir til að ná til þessara hópa með upplýsingar.
- Auka þarf greiningu á fjölda og stöðu þessa fólks. Stuðlað verði að frekari rannsóknum á mansali á Íslandi.
- Gerð verði athugun á gagnsemi/skaðsemi starfsmannaleiga og reglur settar til samræmis við það.
- Sameiginleg heildstæð úrræði verði mótuð af hálfu ASÍ sem tryggja samræmd viðbrögð og aðkomu lögreglu og stofnanna hins opinbera ef starfsfólk stéttarfélaga verður fyrir hótunum eða ofbeldi s.s. í tengslum við vinnustaðaeftirlit.
- Mikilvægt er að heildarsamtökin krefjist þess að stjórnvöld semji ekki við fyrirtæki og aðila sem hafa orðið uppvísir að brotum á vinnumarkaði s.s. brotum gegn réttindum launafólks, launabjórnaði, peningabætti, mansali o.fl. Verkalýðshreyfingin beiti stjórnvöld þrýstingi um úrbætur og að opinberum aðilum verði gert skylt að kanna forsögu fyrirtækja áður en gengið er til samninga í opinberum útboðum þannig að ekki sé samið við aðila sem eru uppvísir eru að slíkum brotum. ASÍ krefst þess að innkaupareglur sveitarfélaga og ríkis verði skýrar hvað þetta varðar. Mikilvægt er að tryggja að fyrirtæki sem opinberir aðilar skipta við séu skuldlaus við lífeyrissjóði og stéttarfélög og hafi ekki orðið uppvís að endurteknum kennitöluskiptum eða brotastarfsemi. Tryggðar verði leiðir með setningu nýrra laga til að þrengja að eða koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar sem eru í skipulagðri brotastarfsemi geti endurtekið skipt um kennitölu til að vera í fyrirtækja rekstri.